Nd. **370. Frumvarp til laga** [96. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 23. apríl.)

1. gr.

Á eftir 3. málsgrein 19. gr. laganna komi ný málsgrein, sem verður 4. málsgr. og orðast svo:

Þá er og heimilt að greiða enn frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, svo og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiðar, sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar, ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af eða rekið bifreið án uppbótarinnar.

Í stað orðanna „við hækkun lífeyris samkv. 1.—3. málsgr.“ í 4. málsgr., sem verður 5. málsgr. sömu lagagreinar, komi: um hækkanir bóta samkv. 1.—4. málsgr.

Í stað orðsins „lífeyrishækkunar“ í 5. málsgr., sem verður 6. málsgr. sömu lagagreinar, komi orðið: lífeyrishækkana, og aftan við málsgreinina bætist: og uppbóta samkv. 3. og 4. málsgrein.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.